

Skagabyggð
Bogi Kristinsson Magnusen
Ytra-Hóli 1
541 Blönduós

Reykjavík, 8. desember 2022
UST202211-124/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Kálfshamarsvík - Skagabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skagabyggðar er barst 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Kálfshamarsvík í Skagabyggð.

Í greinargerð kemur fram skipulagið gengur út á að skilgreina betur aðkomusvæði, bílastæði, gönguleiðir, áningar- og útsýnisstaði ásamt því að staðsetja þjónustubyggingu og að setja önnur ákvæði sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi. Skipulagssvæðið er um 20 ha. Auk þess kemur fram að svæðið sé á náttúruminjaskrá.

Kálfshamarstjörn

Umhverfisstofnun bendir á að tjörninn fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og bendir stofnunin á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram hver sé sú brýna nauðsyn að raska tjörninni. Að mati Umhverfisstofnunar mun landfylling í tjörninni hafa neikvæð áhrif á hana.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á tjörninni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á þann raunhæfa valkost að staðsetja bílastæðið og þjónustuhúsið austan við tjörnina þar sem núverandi bílastæði er staðsett.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Ásýnd

Tillagan gerir ráð fyrir bílastæði og þjónustuhúsi á landfyllingu í tjörninni eins og áður hefur verið nefnt. Að mati Umhverfisstofnunar mun bílastæði og þjónustuhús á landfyllingu í tjörninni hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins og þar af leiðandi getur það haft neikvæð áhrif á útivist og upplifun gesta sem svæðið sækja.

Umhverfisstofnun bendir á þann valkost að bílastæði og þjónustuhús séu staðsett austan við tjörnina á þegar röskuðu svæði. Auk þess bendir stofnunin á að ef sá valkostur mun valda raski á vistgerðum með hátt verndargildi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Fjarlægðir

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ef bílastæðið og þjónustubygging er staðsett austan við tjörnina þar sem núverandi bílastæði er staðsett, eru einungis 250 - 350 metrar frá því að Kálfshamarsnesi. Í þessu samhengi vill stofnunin benda á að þetta er svipuð fjarlægð og frá nýja bílastæðinu á Þingvöllum að Hakinu og frá bílastæðinu á Geysissvæðinu að Strokki.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur